Byggingarlýsing: Suðurgata 34, staðgreinir: 3000-1-00091310. Íbúðarhúsalóð: 395,5 m².

Almenn lýsing
Núverandi hús er bílgeymsla frá 1967, 28 m² sem tilheyrir eldra íbúðarhúsi frá 1935, 260,6 m².
Breytt bílgeymsla verður gestaíbúð 29,3 m² sem tilheyrir áfram eldra íbúðarhúsi frá 1935.
Nýtingarhlutfall lóðar er óbreytt 0,73.

Undirstöður og botnplata eru úr steinsteypu og helst óbreytt. Gólf í votrými útfærist með falli að niðurföllum.

Núverandi útveggir eru úr steinsteypu, óeinangraðir. Verða einangraðir að utan og klæddir álplötum til samræmis við íbúðarhús á lóð og litavali, að innan verða veggir einangraðir í lagnagrind og klæddir gifsplötum.

Þak er hefðbundið sperruþak klætt bárujárni, verður klætt eldsoðnum þakpappa.

Þar sem endurbygging á sér stað skal einangrun ávallt vera miðuð við ákvæði gr. 13.3.3, töflu 13.02 um hámarks U-gildi einstakra byggingahluta.

Nýir gluggar og hurð eru plastgluggar og hurð úr 116 mm þykkum PVC- U prófíl með stálkjarna og með tvöföldu einangrunargleri. (K-gler) Litur: Hvítur til samræmis við íbúðarhús á lóð.

Skýli fyrir sorptunnur er staðsett á milli núverandi íbúðarhús og íbúðar (áður bílgeymslu).

Yfirborð lóðar er hellulagt umhverfis hús (áður bílgeymslu) og einnig umhverfis íbúðarhús og upp að suðurgötu. Annað yfirborð er malarfylling E50. Frágangur á lóðarmörkum útfærist í samráði við nágranna.

Brunavarnir:
Allar klæðningar eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Viðurkennt slökkvitæki er staðsett við útgang og reykskynjarar í megin rými og herbergi.

Lagnaleiðir:
Vatnslagnir eru í ídráttarrörum í gólfplötu og veggjum.
Tengigrind frá hitaveitu er staðsett í tengiskáp í baðherbergi og þaðan er lagt í gólfplötu og veggi og tengt hitakerfi

Rafmagnsinntak er staðsett í tengiskáp í meginrými og rafmagnstafla í sama rými.

Ekki er hreyft við núverandi burðarvirki hússins, en stærðum og staðsetningu glugga og hurða er breytt að ákveðnu leiti. Byggt er upp í einstaka hurðar- og gluggagöt á viðurkenndan hátt.

Bílastæði er vinstra megin við húsgafl séð frá Suðurgötu.







## Afstöðumynd
1 : 500




## Grunnmynd Jarðhæðar
1 : 100




## Skurður A-A
1 : 100




## Norðvestur
1 : 100




## Norðaustur
1 : 100

Skýringar:

| | | |
|---|---|---|
| Lóðarstærð: | 425 m² | |
| Nýtingarhlutfall: | 0,73 | |
| Bílastæði: | eru á lóð baka til við íbúðarhús og til hliðar við íbúð (áður bílgeymslu). | |

Helstu brúttó stærðir:

| | m² | m³ |
|---|---|---|
| Botnplata | 29,31 | 5,9 |
| Jarðhæð | 29,31 | 80,0 |

Kóti: 0,0 samsvarar núverandi gólfkóta jarðhæðar

| | |
|---|---|
| **GN** | táknar gólfniðurfall. |
| **BO** | táknar björgunarop |
| **R** | táknar reykskynjara. |
| **IH** | táknar inntaksstað fyrir heitt vatn. |
| **IV** | táknar inntaksstað fyrir kalt neysluvatn. |
| **IR** | táknar inntaksstað fyrir rafmagn. |
| **RF** | táknar staðsetningu á rafmagnstöflu. |
| **HS** | táknar handslökkvitæki. |
| **LR** | táknar loftræstingu |

Upphaflegur höfundur: Verkfræði- og teiknistofan s/f Akranesi
*Björgvin Sæmundsson, Njörður Tryggvason og Jóhannesson Ingibjartsson*

Heimilisfang:
# Suðurgata 34 Akranesi

Verkheiti:
Endurbygging

Verktegund:
Breyting bílgeymslu í gestaíbúð

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landnúmer:** | L132211 | **Staðgreinir:** | 3000-1-00091310 |

**Gestaíbúð**

Aðaluppdráttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hannað af:** | ÞH/ÍÁ | **Matshluti:** | 02 |
| **Teiknað af:** | ÞH | **Mælikvarði:** | 1:100/1:500 |
| **Yfirfarið af:** | | **Dagsetning:** | 02.11.2022 |

**Samþykkt:**


þorsteinn Haraldsson Byggingafræðingur BFÍ
Siglo'52
TH HÖNNUN
GVENDARGEISLA 48 - 113 - REYKJAVÍK
SÍMI: 6937063
KENNITALA: 190452-4179
NETFANG: steinihar442@gmail.com


1:100 0 1 2 3 4 5 m
1:500 0 5 10 15 20 25

**A-98-03-01**
Númer

Útgáfa

Blaðastærð: A2


HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI


Vistað: 11/7/2022 2:25:48 PM Útprentun: 05/11/17

Skrá: E:\Revit Verkefni\Ingólfur\Suðurgata 34\VaraSkrá\Suðurgata 34.rvt